



**SLENSKA
SKÓLAKERFIÐ**

Menntamálaráðuneytið
1998



EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	4
LEIKSKÓLAR	10
GRUNNSKÓLAR	14
FRAMHALDSSKÓLAR	18
HÁSKÓLAR	22
TÖFLUR	28



INN G A N G U R

Á síðastliðnum fjórum árum hafa ný lög verið sett um öll fjögur skólastig skólakerfisins

Um 90 ár eru liðin síðan lög um skólaskyldu voru sett hér á landi. Á þeim tíma hefur skólaskylda barna og ungmenna lengst úr 4 árum í 10 og fjöldi nemenda á skólaskyldualdri sjöfaldast. Á síðastliðnum fjórum árum hafa ný lög verið sett um öll fjögur skólastig skólakerfisins og nú er unnið að endurskoðun námskráa fyrir grunn- og framhaldsskóla og uppeldisáætlunar leikskóla. Þannig er lagður grunnur að innra starfi í skólum sem býr nemendur undir störf í þekkingar- og tæknisamfélagi 21. aldarinnar.

Alþingi ber lagalega og pólitíska ábyrgð á skólakerfinu og ákveður grundvallarmarkmið þess og skipan en menntun á leik-, grunn-, framhalds- og háskólastigi heyrir undir menntamálaráðuneytið.

Í menntamálum á Íslandi hefur gilt sú meginregla að allir hafi jafnan rétt til náms án tillits til kyns, fjárhags, búsetu, trúar, fötlunar og menningarlegs eða félagslegs uppruna. Langflestir skólar heyra undir hið opinbera og innan skólakerfisins eru afar fáar einkastofnanir. Nær allir einkaskólar njóta opinbers stuðnings.

Menntamálaráðuneytið mótar stefnu um innra starf skóla. Það gefur út uppeldisáætlun sem leikskólum er gert að fylgja og einnig aðalnámskrár fyrir grunn- og framhaldsskóla. Í uppeldisáætlun og aðalnámskrám eru markmið laga um þessi skólastig útfærð nánar, sett viðmið og veittar leiðbeiningar um framkvæmdina.

Sveitarstjórnir bera ábyrgð á öllum rekstri leikskóla og grunnskóla, þ.m.t. byggingu, rekstri og viðhaldi mannvirkja

Ábyrgð og fjármögnun Í skólakerfinu hefur að talsverðu leyti verið komið á valddreifingu bæði með tilliti til ábyrgðar og ákvarðanatöku. Þetta endurspeglar almenna þróun í íslensku samfélagi. Árið 1996 var rekstur grunnskóla færður frá ríki til sveitarfélaga og bera því sveitarstjórnir ábyrgð á öllum rekstri leikskóla og grunnskóla, þ.m.t. byggingu, rekstri og viðhaldi mannvirkja og fer skólanefnd með málefni þeirra í hverju skólaumdæmi. Foreldrar greiða gjald fyrir vistun barna sinna í leikskóla. Skólanefnd skal sjá um að öll skólaskyld börn í viðkomandi skólaumdæmi njóti lögboðinnar fræðslu. Skyldunám, þ.m.t. námsbækur og námsgögn, er ókeypis.

Rekstrarkostnaður framhaldsskóla er greiddur úr ríkissjóði. Byggingakostnaður og stofnkostnaður vegna aðstöðu skiptist

milli ríkis og sveitarfélaga í hlutföllunum 60% á móti 40%. Sveitarstjórnir bera ekki ábyrgð á rekstri skóla á framhaldsskólastigi en tilnefna tvo fulltrúa í skólanefndir framhaldsskóla.

Menntamálaráðuneytið hefur unnið að gerð árangursstjórnunarsamninga (skólasamninga) við framhaldsskóla þar sem kveðið er á um starfsemi hvers skóla og þann árangur sem honum er ætlað að ná og um fjárveitingar til skólans. Skólasamningarnir eru umgjörð um samskipti menntamálaráðuneytisins og viðkomandi skóla en breyta þó hvorki ábyrgð ráðherra gagnvart Alþingi á rekstri skólans né þeim stjórnisýsluskyldum sem skólinn hefur lögum samkvæmt. Í framhaldsskólanum er kennslan ókeypis en nemendur greiða námsgögn og hluta efniskostnaðar.





Markmið skólastarfs eru sett fram í lögum, reglugerðum, uppeldisáætlun leikskóla og aðalnámskrám grunn- og framhaldsskóla

Ríkisreknir háskólar eru sjálfstæðar ríkisstofnanir sem heyra undir menntamálaráðherra og lúta stjórn samkvæmt sérstökum lögum um hvern skóla. Háskólar geta verið sjálfseignarstofnanir og starfa þá eftir staðfestri skipulagsskrá, en einkaaðilum er heimilt að stofna háskóla að fengnu samþykki menntamálaráðherra. Skólar á háskólastigi fá árlegar fjárveitingar sem þeir ráðstafa sjálfir. Æðsta stjórn ríkisháskóla er falin tíu manna háskólaráði og skipar menntamálaráðherra allt að tvo fulltrúa í það ráð.

Markmið skólastarfs

Markmið skólastarfs eru sett fram í lögum og reglugerðum, uppeldisáætlun leikskóla og aðalnámskrám grunn- og framhaldsskóla.

Á leikskólastigi eru skýr markmið höfð að leiðarljósi við

kennslu og uppeldi barna og er leikurinn hornsteinn starfsins. Kappkosta skal í samvinnu við heimilin að efla alhliða þroska barna í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins og leitast við að hlúa að þeim andlega og líkamlega svo að þau fái notið bernsku sinnar.

Meginmarkmið skyldunáms fyrir börn á aldrinum 6-16 ára, er að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi í sífelldri þróun. Skipulag skólans og starfsemi hans skal því mótast af umburðarlyndi, kristilegu siðgæði og lýðræðislegu samstarfi. Grunnskólinn skal veita nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni og temja sér vinnubrögð sem stuðli að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Í aðalnámskrá er leitast við að koma til móts við ólíkar þarfir einstaklinga með sveigjanlegu skólastarfi og fjölbreytilegum kennsluáðferðum.

Allir sem lokið hafa skyldunámi eða náð átján ára aldri eiga rétt á að hefja nám á framhaldsskólastigi, sem að öllu jöfnu tekur til aldurshópsins 16-20 ára. Leitast skal við að bjóða námsfólki val á námsleiðum og kennslu í samræmi við þarfir þeirra og óskir. Meginmarkmið menntunar á framhaldsskólastigi er að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðissamfélagi með því að skapa þeim skilyrði til náms og

Í samræmi við aukna valddreifingu í skólakerfinu og aukna ábyrgð menntastofnana, hafa skyldur þeirra um reglubundið gæðamat verið auknar

þroska og búa þá undir störf í atvinnulífinu með sérnámi er leiðir til starfsréttinda eða frekara náms.

Háskólar skulu veita nemendum sínum menntun til þess að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum, nýsköpun og listum og til þess að gegna ýmsum störfum í þjóðfélaginu þar sem æðri menntunar er krafist. Háskólar eiga einnig að miðla fræðslu til almennings og veita þjóðfélaginu þjónustu í krafti þekkingar sinnar.

Megintilgangur fullorðinsfræðslu er að stuðla að jafnrétti fullorðinna til að afla sér menntunar án tillits til búsetu, aldurs, kyns, starfs eða fyrri menntunar.

Mat á skólastarfi

Í samræmi við aukna valddreifingu í skólakerfinu og aukna ábyrgð menntastofnana hafa

skyldur þeirra um reglubundið gæðamat verið auknar og eftirlitshlutverk ráðuneytisins skilgreint.

Samkvæmt lögum og reglugerð frá 1994 um leikskóla ber menntamálaráðuneytinu að annast viðtækt mat á starfsemi leikskóla, þ.e. á frammistöðu þeirra almennt, með tilliti til markmiða í uppeldisáætlun menntamálaráðuneytisins og námsáætlana skólanna sjálfra.

Í lögum um grunnskóla frá 1995 og lögum frá 1996 um framhaldsskóla er kveðið á um að allir grunn- og framhaldsskólar skuli taka upp aðferðir til þess að meta skólastarf, þ.m.t. kennslu, stjórnunarhætti og ytri samskipti. Á fimm ára fresti skal að frumkvæði menntamálaráðuneytisins gerð úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla. Menntamálaráðuneytinu ber að annast ytra





Helstu verkefni Námsgagnastofnunar eru gerð og útgáfa námsgagna fyrir grunnskóla og rekstur fræðslumyndasafns

mat á grunnskólum og starfsemi þeirra til þess að tryggja að menntun sem þeir veita samræmist lögum um grunnskóla og aðalnámskrá.

Menntamálaráðherra skal hafa eftirlit með gæðum menntunar sem háskólar veita og að þeir uppfylli ákvæði laga. Ráðherra setur reglur um með hvaða hætti hver háskóli skuli uppfylla skyldur sínar um eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna, hæfni kennara og hvernig ytra gæðaeftirliti skuli háttað.

Námsgögn og próf
Ríkið sér nemendum á grunnskólaaldri fyrir ókeypis námsgögnum og hefur Námsgagnastofnun umsjón með útgáfu þeirra. Við flutning grunnskólans til sveitarfélaga urðu ekki breytingar á starfsemi Námsgagnastofnunar, stofnunin hefur áfram það skilgreinda hlutverk sam-

kvæmt lögum að sjá grunnskólum fyrir sem bestum náms- og kennslugögnum. Helstu verkefni stofnunarinnar eru gerð og útgáfa námsgagna, dreifing námsgagna til grunnskóla og rekstur fræðslumyndasafns. Námsgögn fyrir framhalds- og háskólastig koma að mestu frá einkaaðilum og greiða nemendur fyrir þau.

Samræmd próf eru lögð fyrir í 4., 7. og 10. bekk grunnskóla og er framkvæmd þeirra á vegum Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála sem er ábyrg fyrir prófunum samkvæmt samningi við menntamálaráðuneytið. Rannsóknastofnunin annast auk þess ýmsar rannsóknir á sviði mennta- og uppeldismála.

Námsgagnastofnun og Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála eru sjálfstæðar stofnanir sem fjármagnaðar eru af ríkinu og starfa eftir sérstökum lögum.





LEIKSKÓLAR

Leikskólinn er fyrsta skólastigið í skólakerfinu og ætlaður börnum undir skólaskyldualdri

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 78/1994 er leikskólinn fyrsta skólastigið í skólakerfinu og ætlaður börnum undir skólaskyldualdri. Bygging og rekstur leikskóla er á kostnað og í umsjón sveitarstjórna sem er skylt að hafa forystu um að tryggja börnum dvöl í leikskólum. Fjöldi leikskóla er um 250. Í stærri sveitarfélögum starfa leikskólafulltrúar sem eru starfsmenn viðkomandi sveitarfélaga. Leikskólafulltrúar skulu í umboði leikskólanefndar og í samvinnu við leikskólastjóra sinna ráðgjöf og eftirliti með starfsemi leikskóla í sveitarfélaginu og stuðla að samstarfi þeirra innbyrðis.

Menntamálaráðuneytið mótar uppeldisstefnu leikskóla og gefur út uppeldisáætlun fyrir leikskóla. Þar er kveðið á um upp-

eldis- og menntunarhlutverk leikskólans, gildi leiks og meginstefnu um starfshætti og innra gæðamat. Í uppeldisáætlun frá 1993 eru sett fram þau markmið sem stefna ber að í starfi leikskóla og lýst grundvallarviðhorfum og meginleiðum í uppeldi ungra barna. Í henni er einnig fjallað um uppeldis- og náms svið leikskólans.

Þau eru:

- a) Líkamleg og andleg umönnun og daglegar venjur (máltíðir, hvíld, klæða sig úr og í).
- b) Leikurinn: Skynfæra- og hreyfileikir, sköpunar- og byggingarleikir, hlutverka- og ímyndunarleikir, regluleikir.
- c) Mál og málörvun: Talmál, samtöl, frásögn, hlustun.

Börn í leikskóla eiga að læra í leik og starfi með því að fást við verkefnin við eðlilegar aðstæður

- d) Myndsköpun og myndmál.
- e) Tónlist, hljóð og hreyfing.
- f) Náttúran: Tengsl við menn, dýr og plöntur, tímahugtök og stærðir.
- g) Samfélagið, samskiptareglur, kynnisferðir utan leikskóla.

Uppeldissviðin skarast, engin skörp skil eru milli þeirra. Leikskólastarfið á að sameina umönnun og menntun, stuðla að alhliða þroska barnsins og búa það þannig undir lífið og skyldunám. Börn í leikskóla eiga að læra í leik og starfi með því að fást við verkefnin við eðlilegar aðstæður. Hlutverk leikskólakennara er m.a. að skapa viðeigandi og þroska-vænlegar námsaðstæður fyrir börnin.

Sérhver leikskóli á sjálfur að skipuleggja starfsemi sína og gera eigin áætlanir sem byggja á markmiðum laga um leikskóla og uppeldisáætlun menntamálaráðuneytisins.

Í lögum um leikskóla frá 1994 eru meginmarkmið með starfsemi leikskóla sem hér segir:

- Að veita börnum umönnun, búa þeim hollt uppeldisumhverfi og örugg leikskilyrði,
- að gefa börnum kost á að taka þátt í leik og starfi og njóta fjölbreyttra uppeldis-kosta barnahópsins undir leiðsögn leikskólakennara,
- að kappkosta í samvinnu við heimilin að efla alhliða þroska barna í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins og leitast við að hlúa að þeim andlega og líkamlega svo að þau fái notið bernsku sinnar,
- að stuðla að umburðarlyndi og víðsýni barna og jafna uppeldisaðstöðu þeirra í hvívetna,





Sérhver leikskóli skal móta aðferðir til að meta uppeldisstarf og stjórnunarhætti og samskipti innan leikskólans

- að efla kristilegt siðgæði barna og leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, hugsandi, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun,
- að rækta tjáningar- og sköpunarmátt barna í þeim tilgangi að styrkja sjálfsmynd þeirra, öryggi og getu til að leysa mál sín á friðsamlegan hátt.

Börn á leikskólaaldri, sem þurfa vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika sérstaka aðstoð og þjálfun, eiga rétt á henni innan leikskólans undir handleiðslu sérfræðinga. Ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta fyrir leikskóla á að veita foreldrum barna og starfsfólki leikskóla nauðsynlega ráðgjöf og þjónustu.

Við flesta leikskóla starfa foreldrafélög og samkvæmt reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995 á samstarf leikskóla og foreldra að byggja á þeirri forsendu að foreldrar beri aðalábyrgð á uppeldi og velferð barna sinna.

Sérhver leikskóli skal móta aðferðir til að meta uppeldisstarf og stjórnunarhætti, samskipti innan leikskólans og tengsl við aðila utan hans.

Menntamálaráðuneytið sér um upplýsingaöflun og mat á uppeldisstarfi leikskóla og felur sérfræðingum með þekkingu á málafnum barna á leikskólaaldri að annast framkvæmd slíks mats. Því er ætlað að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og uppeldisáætlunar fyrir leikskóla.





GRUNNSKÓLAR

Öllum börnum og unglíngum á aldrinum 6 til 16 ára er skylt að sækja 10 ára grunnskóla

Samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 66/1995 er öllum börnum og unglíngum á aldrinum 6 til 16 ára skylt að sækja 10 ára grunnskóla. Lögin kveða á um skyldu foreldra til að sjá um að börn þeirra innritist og sækji skóla og jafnframt um skyldu sveitarfélaga að sjá til þess að lögboðin fræðsla sé fyrir hendi. Í ágúst 1996 fluttist ábyrgð á skólahaldi á grunnskólastigi alfarið til sveitarfélaga. Fjöldi grunnskóla á landinu er um 200.

Allt skyldunám hvort sem það fer fram í almennum grunnskólum, einkaskólum eða sérskólum skal vera í samræmi við ákvæði laga, reglugerða um skyldunám og aðalnámskrá grunnskóla.

Hlutverk grunnskóla er, í samvinnu við heimilin, að búa nemendur undir líf og starf í lýðræð-

isþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Starfshættir skóla eiga því að mótast af umburðarlyndi, kristilegu siðgæði og lýðræðislegu samstarfi. Skólinn á að temja nemendum viðsýni og efla skilning þeirra á kjörum fólks og umhverfi, íslensku þjóðfélagi, sögu þess og sérkennum og skyldum einstaklingsins við samfélagið. Grunnskólinn á að leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins. Hann á að veita nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni og temja sér vinnubrögð sem stuðla að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið á að leggja grundvöll að sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfa hæfni þeirra til samstarfs við aðra.

Samkvæmt grunn-skólalögum eykst fjöldi kennslustunda á viku þannig að á skólaárinu 2001 - 2002 verða 30 kennslustundir á viku í 1. - 4. bekk, 35 í 5. - 7. bekk og 37 í 8. - 10. bekk

Menntamálaráðuneytið gefur út aðalnámskrá grunnskóla, reglugerðir um skólastarf og viðmiðunarstundaskrá um skiptingu tíma á námsgreinar. Í aðalnámskrá er kveðið nánar á um uppeldishlutverk grunnskólans og meginstefnu í kennslu og kennsluskipan. Þar eru tilgreindar skyldunámsgreinar og kveðið á um uppbyggingu og skipan þeirra. Skólar hafa frelsi um kennsluaðferðir og val á við-

fangsefnum innan ramma aðalnámskrár. Núgildandi aðalnámskrá er frá 1989. Unnið er að endurskoðun aðalnámskrár og stefnt að því að hún taki gildi frá og með skólaárinu 1999-2000.

Samkvæmt grunnskólalögum eykst fjöldi kennslustunda á viku þannig að á skólaárinu 2001-2002 verða 30 kennslustundir á viku í 1.-4. bekk, 35 í 5.-7. bekk, en 37 í 8.-10 bekk.

Á skólaárinu 1997-1998 var fjöldi kennslustunda á viku í hverjum bekk sem hér segir:

Bekkur	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
Kennslustundir	28	28	28	28	32	33	35	36	36	36

Í lok tíu ára skyldunáms í grunnskóla er skipting tíma milli námsgreina og námssviða sem hér segir:

Íslenska:	18%
Stærðfræði:	15%
List- og verkgreinar:	20%
Erlend tungumál:	9%
Náttúrufræði:	6%
Samfélagsgreinar:	7%
Kristin fræði:	3%
Skólaíþróttir:	10%
Val og stundir til ráðstöfunar:	12%



Skylt er að stofna foreldraráð við hvern grunnskóla og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess

Skólaár í grunnskólum er 9 mánuðir og skulu kennsludagar nemenda árlega vera eigi færri en 170. Skyldunámsgreinar eru íslenska, stærðfræði, enska, danska (eða annað Norðurlandamál), heimilisfræði, kristin fræði (siðfræði, trúarbragðafræði), mynd- og handmennt, náttúrufræði (eðlis-, efna- og líffræði), samfélagsgreinar (samfélagsfræði, saga, landafræði), skólaíþróttir og tónmennt. Aðrir námsþættir sem skólum ber að sinna samkvæmt gildandi aðalnámskrá grunnskóla eru mannréttindi, félagsmál, fíknivarnir, jafnréttisfræðsla, kynfræðsla, skyndihjálp, umferðarfræðsla, tölvufræðsla og umhverfismennt.

Í 1.-3. bekk er algengast að sami kennarinn kenni flestallar námsgreinar í sínum bekk. Mörk milli námsgreina á þessu aldursstigi eru óskýr. Kennslan getur farið fram sem bekkjarkennsla, vinna

í litlum hópum eða einstaklingsleiðsögn. Eftir því sem ofar dregur í grunnskólum einkennist kennslan meira af afmörkuðum námsgreinum og sérgreinakennurum fjölgar, t.d. í erlendum tungumálum, mynd- og handmennt, íþróttum, heimilisfræði og náttúrufræði. Í efri bekkjum grunnskóla hafa námsgreinar skýr mörk og algengast er að kennari kenni fáar námsgreinar í mörgum bekkjardeildum. Í hverjum bekk í grunnskóla er umsjónarkennari eða bekkjarkennari sem kennir flestar almennar námsgreinar frá 6-12 ára. Eitt af hlutverkum umsjónarkennara er að efla samstarf heimila og skóla. Foreldrafélög starfa við flesta grunnskóla og hafa það m.a. að markmiði að efla samstarf heimila og skóla og styrkja foreldrastarf.

Samkvæmt lögum um grunnskóla frá 1995 er skólum skylt að gera skólanámskrá. Skólanámskráin er nánari útfærsla á aðalnámskrá og tekur mið af sérstöðu skólans og aðstæðum. Hún er starfsáætlun skóla þar sem meðal annars er gerð grein fyrir skóladagatali, skólatíma, kennsluskipan, markmiðum og inntaki náms, námsmati, mati á skólastarfi, slysavörnum og félagslífi í skólum. Í lögnum er einnig að finna ákvæði þess efnis að skylt sé að stofna foreldraráð við hvern skóla og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess.

*Við lok grunnskóla
þreyta allir nemendur
samræmd próf í
íslensku, stærðfræði,
ensku og dönsku*

Börn og unglingar sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika og/eða fötlunar eiga rétt á sérstökum stuðningi í námi. Kennslan getur verið einstaklingsbundin eða farið fram í hópi innan eða utan almennra bekkjardeilda, í sérdeildum eða sérskóla. Meginstefnan er sú að kennsla barna með sérþarfir fari fram í heimaskóla.

Fólki af erlendu bergi brotið hefur fjölgað á Íslandi á undanförunum árum og þörfin á að skipuleggja nám við hæfi nemenda með annað móðurmál en íslensku hefur aukist, t.d. þörfin fyrir sérstaka íslenskukennslu.

Við lok grunnskóla þreyta allir nemendur samræmd próf í íslensku, stærðfræði, ensku og dönsku. Prófin eru samín, yfirfarín og skipulögð af Rann-

sóknastofnun uppeldis- og menntamála.

Í grunnskólalögum er kveðið á um að samræmd próf í kjarnagreinum skuli lögð fyrir samtímis í öllum 4. og 7. bekkjum grunnskóla. Prófað er í íslensku og stærðfræði og voru slík próf fyrst haldin haustið 1996.

Sérhver grunnskóli skal innleiða aðferðir til að meta skólastarfið, þar á meðal kennslu- og stjórnunarhætti, samskipti innan skólans og tengsl við aðila utan skólans. Á fimm ára fresti skal að frumkvæði menntamálaráðuneytisins gerð úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla.

Menntamálaráðuneytið ber einnig ábyrgð á að fram fari mat á skólum og skólastarfi sem ætlað er að tryggja að skólalald sé í samræmi við ákvæði laga um grunnskóla.





FRAMHALDSSKÓLAR

Allir þeir sem lokið hafa grunnskólanámi eða hlotið jafngilda undirstöðumenntun eiga kost á að hefja nám í framhaldsskóla

Fyrsta heildarlöggjöf um framhaldsskólastigið var sett með lögum nr. 57/1988. Gildandi lög um framhaldsskóla (nr. 80/1996) voru samþykkt af Alþingi í maí 1996 og tóku gildi í ágúst sama ár. Löggin skulu að fullu komin til framkvæmda í upphafi skólaárs 2000-2001. Nánari ákvæði um framkvæmd skólastarfs á framhaldsskólastigi er að finna í reglugerðum og aðalnámskrá sem menntamálaráðherra gefur út á grundvelli gildandi laga.

Hlutverk framhaldsskóla lögum samkvæmt er að stuðla að ahlíða þroska allra nemenda til að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Framhaldsskólinn skal búa nemendur undir störf í atvinnulífinu og frekara nám. Framhaldsskólinn skal einnig

leitast við að efla ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, þjálfa þá í öguðum vinnubrögðum og gagnrýnni hugsun, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja til stöðugrar þekkingarleitar.

Nám á framhaldsskólastigi telst ekki skyldunám en allir þeir sem lokið hafa grunnskólanámi eða hlotið jafngilda undirstöðumenntun eiga samkvæmt lögum kost á að hefja nám í framhaldsskóla. Engin skólagjöld eru innheimt í framhaldsskólum en nemendur greiða innritunargjöld og bera sjálfir kostnað af námsbókum sínum og öðrum kennslugögnum. Nemendur í verklegu námi greiða hluta efniskostnaðar.

Í aðalnámskrá eru m.a. skilgreind markmið einstakra námsbrauta og námsgreina og kveðið á um uppbyggingu einstakra námsbrauta

Í aðalnámskrá sem menntamálaráðherra setur eru markmið framhaldsskóla nánar útfærð. Í henni eru m.a. skilgreind markmið einstakra námsbrauta og námsgreina og kveðið á um uppbyggingu einstakra námsbrauta, samhengi í námi, meðallengd námstíma á hverri braut, lágmarksfjölda kennslustunda í einstökum námsgreinum, inntak í meginráttum og námsmat. Námskrá handa framhaldsskólum var síðast gefin út árið 1990. Vinna við gerð nýrrar aðalnámskrár hófst á árinu 1996 og er áætlað að námskráin taki gildi frá og með skólaárinu 1999-2000.

Framhaldsskólar skulu samkvæmt lögum gefa út skólanámskrá þar sem m.a. er gerð grein fyrir áherslum í starfi skólans, námsframboði, kennsluháttum, námsmati og stjórnunarháttum.

Framhaldsskólar í landinu eru um 40. Nokkrir sérskólar sem

formlega töldust til framhaldsskólastigs hafa á síðustu árum færst yfir á háskólastig. Framhaldsskólunum má skipta í 4 aðalflokka: iðnskóla, menntaskóla, fjölbrautaskóla og sérskóla, en heiti skólanna gefa ekki alltaf rétta mynd af þeirri starfsemi sem þar fer fram. Sumir skólanna bjóða eingöngu bóklegt nám til stúdentsprófs, t.d. flestir menntaskólanna. Sérskólar bjóða eingöngu starfsnám, t.d. Stýrimannaskólinn í Reykjavík og Vélskóli Íslands. Enn aðrir skólar bjóða bæði bóklegt nám til stúdentsprófs, iðnnám og annað starfsnám, t.d. flestir fjölbrautaskólanna. Iðnskólar bjóða fyrst og fremst nám í löggiltum iðngreinum, en einnig í einhverjum mæli annað starfsnám.

Í gildandi lögum um framhaldsskóla eru ákvæði um fjóra flokka námsbrauta: starfsnámsbrautir, bóknámsbrautir, almenna námsbraut og listnámsbrautir. Sam-





Flestir framhaldsskólar starfa eftir áfangakerfi

kvæmt lögunum er gert ráð fyrir inntökuskilyrðum á einstakar brautir. Inntökuskilyrði á námsbrautir skulu skilgreind í reglugerð. Af öllum námsbrautum skulu vera leiðir til frekara náms, annaðhvort beinar eða með skilgreindri viðbót náms. Einnig er í lögunum ákvæði um að nemendur á starfsnámsbrautum skulu eiga kost á viðbótarnámi til undirbúnings námi á háskólastigi. Lögin gera ráð fyrir fornámi fyrir þá nemendur sem ekki hafa náð tilskildum árangri á grunnskólaprófi. Fatlaðir nemendur skulu stunda nám við hlið annarra nemenda, eftir því sem kostur er, en menntamálaráðherra getur einnig heimilað stofnun sérstakra deilda fyrir fatlaða nemendur.

Almennt bóknám til lokaprófs er fyrst og fremst skipulagt sem fjögurra ára nám er lýkur með stúdentsprófi. Námstími í starfsnámi

er breytilegur, allt frá einni önn til fjögurra ára. Iðnnám tekur yfirleitt þrjú til fjögur ár og lýkur með sveinsprófi. Starfsnám leiðir í mörgum tilvikum til löggildingar í tiltekinni starfsgrein. Þetta á við um nám í löggiltum iðngreinum og einnig t.d. um sjúkraliðanám og skipstjórnarnám.

Í sumum framhaldsskólum er boðið upp á nám í öldungadeildum. Námið er skipulagt á námsbrautum sem eru sambærilegar námsbrautum dagskólans. Nemendur skulu vera orðnir 18 ára þegar þeir hefja námið.

Flestir framhaldsskólar starfa eftir áfangakerfi en sú tilhögun á skipulagi náms ruddi sér til rúms á 8. áratugnum að bandarískri fyrirmynd. Í áfangakerfi er innihaldi náms skipt niður í afmarkaða áfanga sem hver um sig tekur eina önn (hálf skólaár). Hver námsáfangi gefur ákveðinn fjölda eininga. Nemandi í áfangakerfi þarf að ljúka ákveðnum fjölda eininga eða ákveðnum fjölda námsáfanga á önn til að geta haldið áfram námi á næstu önn. Til að ljúka námi þarf nemandi annars vegar að ná tilteknum heildareiningafjölda og hins vegar ákveðnum skilgreindum námsáföngum. Í bekkjakerfi þurfa nemendur að ljúka hverju námsári með lágmarksnámsárangri til að geta flust milli bekkja og þeir þurfa að standast lokapróf.

Tæp 90% nemenda sem ljúka grunnskóla innritast í framhaldsskóla


Skólaárið í framhaldsskólum er 9 mánuðir og skiptist í tvær annir, haustönn og vorönn, sem lýkur með formlegum prófum. Nemendur sækja að jafnaði 32-40 kennslustundir á viku.

Nemendum í framhaldsskólum skal standa til boða ráðgjöf og leiðsögn um náms- og starfsval, svo og persónuleg mál er snerta nám þeirra og skólavist. Slíka þjónustu veita námsráðgjafar, kennarar og annað starfsfólk eftir því sem við á.

Á síðustu árum hafa um 87-89% nemenda er ljúka grunnskóla innritast í framhaldsskóla. Brottfall nemenda á framhaldsskólastigi hefur þó verið töluvert.

Samræmd próf hafa ekki tíðkast í framhaldsskólum, nema sveinspróf í löggiltum iðngreinum, og hefur námsmat eingöngu verið í höndum einstakra skóla. Í gildi lögum um framhaldsskóla er ákvæði um samræmd loka-próf í tilteknum greinum. Þetta ákvæði laganna skal vera komið til framkvæmda á skólaárinu 2000-2001.

Sérhver framhaldsskóli skal innleiða aðferðir til að meta skólastarfið, s.s. kennslu- og stjórnunarhætti, samskipti innan skólans og tengsl við aðila utan skólans. Á fimm ára fresti skal utanaðkomandi aðili gera úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla.





H Á S K Ó L A R

Á undanförunum 10 árum hefur nemendum á háskólastigi fjölgað um 50 prósent

Ný lög um háskóla frá 1997 setja ramma um starfsemi háskóla á Íslandi. Samkvæmt lögnum er háskóli menntastofnun sem jafnframt sinnir rannsóknum svo sem nánar er kveðið á um í reglum um starfsemi hvers skóla. Nemendur sem hefja nám í háskóla skulu hafa lokið stúdentsprófi, öðru sambærilegu námi eða búa yfir jafngildum þroska og þekkingu að mati stjórnar viðkomandi háskóla. Kennarar í háskóla skulu hafa lokið meistaraþrófi hið minnsta eða hafa jafngilda þekkingu og reynslu. Í lögum um háskóla er kveðið á um fjárhag þeirra, stjórnun og skyldur, en yfirstjórn hvers skóla tekur ákvörðun um fyrirkomulag kennslu, náms og námsmats og um skipulag rannsókna. Menntamálaráðherra setur reglur um gæðaeftirlit með kennslu og rannsóknum og gefur

út skrá um viðurkenndar prófgráður og inntak þeirra.

Á undanförunum 10 árum hefur nemendum á háskólastigi fjölgað um 50 prósent. Nýir skólar hafa verið stofnaðir, skólar sem áður störfuðu samkvæmt skilgreiningu á framhaldsskóla hafa verið færðir á háskólastig og nemendum í eldri háskólastofnunum hefur stöðugt fjölgað. Sjö skólar bjóða menntun til háskólagráðu, en þrír listaskólar, sem ekki bjóða háskólagráðu, hafa að auki verið taldir til háskólastigs en fyrirhugað er að sameina þá í einn lista-háskóla.

Skólaárið 1997-98 voru nemendur við nám á háskólastigi á Íslandi um 8000. Áætlaður fjöldi háskólanema erlendis var á sama tíma um 1800.

Í janúar 1998 voru Kennaraháskóli Íslands, Fósturskóli Íslands, Íþróttakennaraskóli Íslands og Þroskaþjálfaskóli Íslands sameinaðir í nýjan Kennaraháskóla

Skólar á háskólastigi
Háskóli Íslands

Um 70% allra stúdenta á háskólastigi nema við Háskóla Íslands og um 90% allra háskólarannsóknna eru á hans vegum. Frá stofnun Háskóla Íslands árið 1911 til skólaársins 1997-98 hefur nemendum skólans fjölgað úr 45 í um 5.500. Deildir háskólans eru níu og skiptast margar þeirra í skorir eða námsbrautir. Boðið er upp á nám til lokaprófs í 50 mismunandi greinum auk framhaldsnáms.

Háskólinn á Akureyri

Háskólinn á Akureyri var stofnaður árið 1987. Innan skólans eru starfræktar fjórar deildir: rekstrardeild, heilbrigðisdeild, sjávarútvegsdeild og kennardeild. Nemendur við skólann haustið 1998 voru rúmlega 400. Háskólinn hefur lagt áherslu á starfstengt nám og tengsl við atvinnulífið.

Kennaraháskóli Íslands

Kennaraháskóli Íslands varð háskóli árið 1971 en forveri hans Kennaraskóli Íslands, var stofnaður 1908. Í janúar 1998 voru Kennaraháskóli Íslands, Fósturskóli Íslands, Íþróttakennaraskóli Íslands og Þroskaþjálfaskóli Íslands sameinaðir í nýjan Kennaraháskóla. Skólaárið 1997-98 voru samtals 1175 nemendur í þeim skólum sem sameinaðir voru.

Í nýjum Kennaraháskóla er boðið upp á grunnnám í leikskólaskor, grunnskólaskor, íþróttaskor, þroskaþjálfaskor og framhaldsskólaskor. Einnig býður Kennaraháskólinn framhaldsnám í framhaldsdeild og endurmenntun fyrir starfandi kennara í endurmenntunardeild. Fjarnámi hefur verið komið á fót við skólann.





Kennsla við nýjan háskóla, Viðskiptaháskólann í Reykjavík, hófst haustið 1998

Bændaskólinn á Hvanneyri — Búvísindadeild

Bændaskólinn sem stofnaður var árið 1946 starfrækir búvísindadeild þar sem nemendum er veitt vísindaleg þjálfun. Deildin býður einnig menntun fyrir fullorðna og viðbótarnám í búvísindum í samvinnu við aðra bændaskóla á Norðurlöndum. Skólaárið 1997-98 voru 15 nemendur í búvísindadeild. Bændaskólinn heyrir undir landbúnaðarráðuneyti.

Tækniskóli Íslands

Tækniskóli Íslands var stofnaður árið 1964 og eru nemendur skólans á háskólastigi um 400 talsins. Skólinn skiptist í sex deildir auk undirbúningsdeildar, þ.e. bygginga-, rafmagns-, véla-, röntgentækni-, meinatækni- og rekstrardeild. Stundakennarar úr iðnaði og frá rannsóknarstofnunum sjá um stóran hluta kennslunnar.

Samvinnuháskólinn á Bifröst

Forveri Samvinnuháskólans, Samvinnuskólinn, var stofnaður árið 1918 en starfaði lengstum á framhaldsskólastigi. Árið 1988 hófst kennsla á háskólastigi við skólann. Til að byrja með var boðið upp á tveggja ára háskólanám í rekstrarfræðum við skólann en haustið 1994 var í fyrsta skipti gefinn kostur á námi til BS prófs í rekstrarfræðum. Nemendur á háskólastigi eru um 100. Skólinn er sjálfseignarstofnun og starfar samkvæmt skipulagsskrá með styrk frá ríkinu.

Viðskiptaháskólinn í Reykjavík

Kennsla við nýjan háskóla, Viðskiptaháskólann í Reykjavík, hófst haustið 1998. Viðskiptaháskólinn er sjálfseignarstofnun og skipar Verslunarráð Íslands stjórn hennar. Tölvuháskóli Verzlunarskóla Íslands, sem tók til starfa 1988, varð hluti af hinum nýja skóla sem tölvufræðideild en einnig er kennt í nýrri viðskiptadeild. Áhersla er lögð á verklega þjálfun nemenda og hagnýtt nám.

Í samræmi við alþjóðlega flokkun menntunar, ISCED, hefur nám í *Leiklistarskóla Íslands* og sérdeildum *Myndlista- og handíðaskóla Íslands* og *Tónlistarskólans í Reykjavík* verið skilgreint á háskólastigi. Nú er unnið að undirbúningi stofnunar listaháskóla og sameiningu þessara þriggja skóla.

Háskólum er heimilt að setja sérstök viðbótarinntökuskilyrði ef þörf gerist, þar á meðal að láta nemendur sem uppfylla almenn inntökuskilyrði gangast undir inntökupróf eða stöðupróf

Aðgangur að háskólanámi Til inngöngu í háskóla er almennt krafist stúdentsprófs eða sambærilegrar menntunar. Í vissum tilvikum getur háskóli veitt nemanda sem ekki hefur lokið stúdentsprófi inngöngu ef hann býr yfir jafngildum þroska og þekkingu að mati stjórnar viðkomandi háskóla. Samkvæmt nýjum lögum um háskóla er skólum heimilt að setja sérstök viðbótarinntökuskilyrði ef þörf gerist, þar á meðal að láta nemendur sem uppfylla almenn inntökuskilyrði gangast undir inntökupróf eða stöðupróf. Flestir skólar, utan Háskóla Íslands, hafa sett viðbótarinntökuskilyrði. Í Háskóla Íslands eru þó í gildi fjöldatakmarkanir (numerus clausus) í tilteknum greinum þar sem fyrirfram ákveðinn fjöldi nemenda fær að halda áfram eftir samkeppnispróf í lok fyrsta misseris. Þessar greinar eru: læknisfræði, lyfjafræði, sjúkra-

þjálfun, hjúkrunarfræði og tannlækningar. Sams konar fjöldatakmarkanir eru í gildi í hjúkrunarfræði og iðjuþjálfun við Háskólann á Akureyri. Í lyfjafræði lyfsala og raunvísindadeild Háskóla Íslands eru sett þau skilyrði fyrir inngöngu að nemendur hafi útskrifast af eðlis- eða náttúrufræðibraut framhaldsskóla.

Námsgráður

Samkvæmt lögum um háskóla skal kennsla fara fram á námskeiðum sem metin eru í einingum. Fullt nám telst 30 einingar á námsári að jafnaði og endurspeglar alla námsvinnu nemenda og viðveru í kennslustundum. Námi á háskólastigi skal ljúka með prófgráðu sem veitt er þegar nemandi hefur staðist próf í öllum námskeiðum og skilað með fullnægjandi árangri þeim verkefnum sem tilheyra námi til prófgráðunnar. Einnig er tekið fram í lögnum að menntamála-





Námi á háskólastigi lýkur með prófgráðu sem veitt er þegar nemandi hefur staðist próf í öllum námskeiðum og skilað með fullnægjandi árangri þeim verkefnum sem tilheyra námi til prófgráðunnar

ráðherra skuli gefa út skrá um viðurkenndar prófgráður og inntak þeirra. Nánari fyrirmæli um kennslu, nám og prófgráður eru sett í reglugerðir, samþykktir eða skipulagsskrá um hvern háskóla.

Lægri prófgráður á háskólastigi eru veittar eftir 2-3 ára nám í leiklist, myndlist, tónlist, kerfisfræði, iðnfræði og iðnrekstrarfræði.

Fyrsta háskólagráða

BA gráða er veitt þeim sem lokið hafa 3-4 ára námi í hugvísindum, guðfræði eða félagsvísindum og unnið lokaritgerð eða rannsóknarverkefni.

BS gráða er veitt þeim sem lokið hafa 3-4 ára námi í hagfræði, viðskipta- eða rekstrarfræði, raunvísindum, heilbrigðisgreinum, sjávarútvegsfræði, búvísindum eða tæknifræði.

BEd gráða er veitt þeim sem uppfyllt hafa kröfur náms fyrir leikskólakennara, grunnskólakennara og þroskaþjálfara. Þessi námsgráða veitir starfsréttindi á viðkomandi starfssviði.

BphilIsl gráða (Baccalaureatus Philologiae Islandicae) er einungis veitt þeim sem lokið hafa þriggja ára námi og lokaritgerð í íslensku fyrir erlenda stúdenta við Háskóla Íslands.

Kandidatsgráða er veitt þeim sem lokið hafa prófi í guðfræði, læknisfræði, lyfjafræði, lögfræði, viðskiptafræði, verkfræði, tannlækningar eða ljósmóðurfræði við Háskóla Íslands.

Framhaldsgráður

Við Háskóla Íslands er boðið upp á eins árs viðbótarnám í félagsráðgjöf, námsráðgjöf, kennslufræði til kennsluréttinda og gagnýtri fjölmiðlun við félagsvísindadeild og djáknanám í guðfræðideild.

MA gráða er veitt þeim sem lokið hafa tveggja ára framhaldsnámi og rannsóknarverkefni í heimspekideild og félagsvísindadeild við Háskóla Íslands.

MS gráða er veitt að loknu tveggja ára framhaldsnámi og rannsóknarverkefni í læknaeild, viðskipta- og hagfræðideild, verkfræðideild og raunvísindadeild Háskóla Íslands.

Doktorsgráður eru einungis veittar við Háskóla Íslands

MEd gráða er veitt að loknu 60 eininga námi í uppeldis- og kennarafræðum við Kennaraháskóla Íslands.

MPaed gráða er veitt eftir tveggja ára framhaldsnám í íslensku. Námið er sérstaklega ætlað þeim sem hyggjast kenna íslensku í framhaldsskólum.

Doktorsgráður eru einungis veittar við Háskóla Íslands og

eru þær tvenns konar. Í fyrsta lagi er doktorsgráða sem veitt er eftir skipulegt nám í íslenskri málfræði, íslenskum bókmenntum og sagnfræði við heimspeki-deild. Í öðru lagi veitir Háskóli Íslands doktorsgráðu einstaklingum sem lokið hafa sjálfstæðu rannsóknarverkefni og varið doktorsritgerð við skólann.



Tafla 1

Útgjöld hins opinbera til fræðslumála sem hlutfall (%) af vergri landsframleiðslu

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996
Útgjöld hins opinbera	4,88	5,09	5,2	5,04	4,88	4,89	5,34
Útgjöld ríkissjóðs ¹⁾	3,72	3,78	3,71	3,57	3,39	3,34	3,05
Útgjöld sveitarfélaga	1,16	1,31	1,49	1,48	1,49	1,54	2,29

1) Fjárframlög milli ríkis og sveitarfélaga eru skráð þar sem endanleg ráðstöfun á sér stað.

Heimild: Þjóðhagsstofnun

Tafla 2

Fjöldi skóla á grunn-, framhalds- og háskólastigi og hlutfall nemenda eftir skólastærð 1998

Nemendafjöldi	Grunnskólar		Framhaldsskólar		Skólar á háskólastigi	
	Fjöldi skóla	Hlutfall (%) nemenda	Fjöldi skóla	Hlutfall (%) nemenda	Fjöldi skóla	Hlutfall (%) nemenda
Færri en 50	57	3	7	1	2	1
51-100	33	6	4	2	2	2
101-200	29	10	4	4	1	2
201-400	38	27	4	8	1	3
401-600	31	37	6	18	2	88
601-800	10	17	4	17	0	0
801-1000	0	0	5	26	0	0
Fleiri en 1000	0	0	3	24	2	84
Samtals	198	100	37	100	10	100

Tafla 3

Fjöldi og hlutfall skólastjórna og kennara eftir kyni og skólastigi 1996

	Fjöldi einstaklinga			%heildarfjölda	
	Konur	Karlar	Alls	Konur	Karlar
Grunnskólastig	2714	975	3689	73,6	26,4
Skólastjórar	64	156	220	29,1	70,9
Aðstoðarskólastjórar	61	50	111	55,0	45,0
Kennarar	2589	769	3358	77,1	22,9
Framhaldsskólastig	574	740	1314	43,7	56,3
Skólameistarar	8	33	41	19,5	80,5
Aðstoðarskólameistarar	4	22	26	15,4	84,6
Kennarar	562	685	1247	45,1	54,9
Háskólar ¹⁾	133	369	502	26,5	73,5
Rektorar	-	4	4	100	
Prófessorar	13	140	153	8,5	91,5
Dósentar	34	122	156	21,8	78,2
Lektorar	69	84	153	45,1	54,9
Stundakennarar	17	19	36	47,2	52,8

1) Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Kennaraháskóli Íslands og Tækniskóli Íslands

Heimild: Starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytis

Tafla 4

Hlutfall (%) barna í leikskólum eftir aldurshópum 1992 og 1996

Ár	2 ára	3 ára	4 ára	5 ára
1992	42	75	79	74
1996	60	84	87	86

Heimild: Hagstofa Íslands

Tafla 5

Hlutfallsleg (%) skólasókn árganga 16-19 ára, 1978-1996

Aldur	1978	1980	1982	1984	1986	1988	1990	1992	1994	1996
16	67	65	71	75	77	80	83	85	89	89
17	54	56	61	65	66	68	70	74	77	76
18	49	48	54	56	58	58	63	64	65	67
19	42	47	50	53	55	55	59	61	64	63

Heimild: Hagstofa Íslands

Tafla 6

Fjöldi nemenda á háskólastigi eftir árum og ISCED-stigi 1994-1996

Ár	ISCED 5	ISCED 6	ISCED 7	Alls
1994	1269	5982	135	7386
1995	1267	6025	191	7483
1996	1248	6388	238	7874

Heimild: Hagstofa Íslands

Tafla 7

Vikulegur fjöldi kennslustunda í grunnskólum, skipt eftir aldri nemenda

Aldur	1990-91	1994-95	1995-96	1996-97	1997-98	1998-99*	1999-2000*
6	**	25	26	27	28	29	30
7	22	25	27	27	28	29	30
8	22	25	27	27	28	29	30
9	26	26	27	27	28	29	30
10	29	28	30	30	32	34	35
11	32	30	32	32	33	34	35
12	34	32	34	34	35	35	35
13	35	34	35	35	36	37	37
14	35	34	35	35	36	37	37
15	31-35	34	35	35	36	37	37

* Fjölgun kennslustunda samkvæmt ákvæðum laga.

** Á þessum tíma voru 6 ára börn ekki skólaskyld.

Tafla 8

Fjöldi kennslustunda á ári eftir aldri nemenda 1996/97

Aldur	6 ára	10 ára	13-15 ára	16-19 ára
Fjöldi kennslustunda	612	680	793	677

Tafla 9

Hlutfallsleg skipting nemenda í framhaldsskólum eftir námsbrautum 1980-1996*

	1980			1990			1996		
	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur
	%	%	%	%	%	%	%	%	%
Almennar brautir	12	12	12	14	14	13	21	21	20
Málabrautir	7	3	12	9	4	15	10	5	15
Listabrautir	2	2	3	4	2	5	3	2	5
Uppeldis- og íþróttabrautir, kennaranám	9	4	15	6	3	10	4	4	5
Félagsfræðabrautir	4	4	5	8	5	12	13	8	18
Viðskipta- og hagfræðibrautir	15	13	18	14	14	15	7	8	7
Raungreinibrautir	14	16	11	15	16	14	17	17	17
Iðn- og tæknibrautir	25	44	3	21	36	4	17	30	4
Búsýslu- og matvælabrautir, þjónustuiðnir	4	4	4	6	6	6	5	6	5
Heilsu- og heilsuþjálfun Heilsuþjálfun	8	0	17	3	0	5	2	0	5
Alls	100	100	100	100	100	100	100	100	100

* Árið 1996 eru nemendur í nokkrum sérskólum (þ.e. skólum æðri menntunar sem ekki veita háskólagráðu) taldir með háskólastigi í samræmi við alþjóðlega menntunarflokkun en eru taldir með framhaldsskólastigi árin 1980 og 1990. Iðnemar á samningi eru taldir með þótt þeir séu ekki við nám í skóla.

Heimild: Hagstofa Íslands

Tafla 10

Fjöldi stúlkna miðað við hverja 100 drengi í almennu bóknámi og starfsnámi á framhaldsskólastigi 1980-1996

	1980	1990	1992	1994	1996
Almennt bóknám	125	129	127	126	127
Starfsnám	43	35	34	35	38

Tafla 11

Hlutfallsleg dreifing nemenda á háskólastigi¹⁾ eftir flokkun náms, 1980-1996

	1980			1990			1996		
	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur
	%	%	%	%	%	%	%	%	%
Tungumál, mannvísindi	23	18	29	20	16	24	18	15	20
Listir ²⁾	3	2	3
Uppeldisfræði, kennaranám	13	5	22	16	9	21	18	7	25
Samfélagsvísindi, lögfræði	12	13	12	16	16	16	15	16	15
Viðskipta- og hagfræði	14	19	7	15	21	10	10	15	7
Náttúrufræði, stærðfræði	9	11	6	8	13	5	10	16	5
Tæknigreinar, verkfræði	9	14	1	7	14	1	9	16	3
Landbúnaður, matvælafræði	2	2	1	1	2	1	2	3	1
Lækningar, heilbrigðisgreinar	19	18	21	16	9	21	16	10	21
Alls	100	100	100	100	100	100	100	100	100

1) Sérskólar eru taldir með skólum á háskólastigi árið 1996. Þeir töldust áður með framhaldsskólum.

2) Nám í listaskólum er talið með námi á háskólastigi árið 1996.

Heimild: Hagstofa Íslands

Tafla 12

Brautskráðir stúdentar 1979/80 til 1995/96 í hlutfalli (%) við tölu tvítugra, skipt eftir kyni

Ár	Karlar	Konur	Alls
1979-80	21,8	28,6	25,1
1989-90	34,4	55,4	44,7
1991-92	35,9	53,3	44,9
1993-94	42,8	60,4	51,4
1994-95	39,1	59,0	49,0
1995-96	40,8	59,5	49,9

Heimild: Hagstofa Íslands

Tafla 13

Hlutfallsleg skólasókn árganga 20-29 ára 1996

Aldur	Karlar	Konur	Alls
	%	%	%
20	45	43	44
21	41	39	40
22	41	39	40
23	36	37	36
24	32	34	33
25	25	28	27
26	22	21	21
27	15	16	16
28	13	11	12
29	11	11	11

Heimild: Hagstofa Íslands


Tafla 14

Atvinnuleysi í nóvember 1996 eftir kyni og menntun

	Karlar	Konur	Alls
	%	%	%
Grunnskólastig (ISCED 1-2)	9	5,4	6,7
Framhaldsskólastig, almennt bóknám og starfsnám (ISCED 3-5)	2,3	3,5	2,7
Háskólastig (ISCED 6-7)	0,6	1,6	1,1
Alls	3,4	4,1	3,9

Heimild: Hagstofa Íslands

ÍSLENSKA SKÓLAKERFIÐ 1998



Opin leið



Leið í ákveðið nám/sérskóla,
háð sérstökum skilyrðum